

FRAMKVÆMDARLEYFISUMSÓKN

SKJALALYKILL

3026 012 SKY-001-V01

DAGS.

15.10.2024

SENDANDI

Pétur Jónsson landslagsarkitekt

VERKHEITI

Lundur- íbúðasvæði, leik og útivistarsvæði. Kópavogi,

VERKKAUPI

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.

DREIFING

Auður D. Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi Kópavogs audurdk@kopavogur.is

Ármann Halldórsson deildarstjóri framkvæmdadeildar Kópavogsbæjar

armann.halldorsson@kopavogur.is

Konráð Sigurðsson verkefnisstjóri hjá BYGG ehf. konrad@bygg.is

MÁLEFNI

Framkvæmdaleyfisumsókn vegna leik og útivistarsvæðis norðan Lundar 88-90 og vestan Lundar 60,66 og 72. Kópavogi.

Inngangur

Um er að ræða gerð leik og útivistarsvæðis. Verkefnið er í samræmi við breytt deiliskipulag Digranes, Lundur dagssett 31 Maí 2022, breytt 25 nóv. 2022 og nú síðast 28. apríl 2023.

Tillagan snýst um að gera fjölskylduvænt útivistar og leiksvæði, þar sem boðið verður uppá samveru með vinalugu leikumhverfi. Þannig getur fjölbreyttur aldurhópur komið saman leikið sér, æft þrek, farið í leiktæki, farið í þútt á þúttvelli eða dvalið á svæðinu. Á vetrum geta yngri aldurhópar leikið sér í lítilli sleðabrekku við enda þúttvallar.

Með gögnum þessum fylgir afstöðumynd, hnitsett í mælikvarða 1:500, dagssett 15.10.2024, teikning númer 99, og teikning í mælikvarða 1:150, dagssett 15.10.2024, númer 100 gerð af Efla verkfræðistofu af landslagsarkitektum Pétri Jónssyni og Matthildi Sigurjónsdóttur.

Lýsing á framkvæmdinni, gerð og uppbygging.

Framkvæmdin felur í sér gerð leik og útivistarsvæðis sem innifelur leiksvæði, dvalarsvæði, æfingasvæði, þúttvöll, ásamt tilheyrandi stígagerð og gróðursetningu. Svona svæði hafa einnig verið kölluð hreyfigarðar/hreystigarðar.

Leiksvæðið er grundað á 60 sm þykkum malarpúða og ofan á hann er sett gervigras og fallvörn til samræmis við þau leiktæki sem staðsett eru á svæðinu, afmörkun öryggissvæða kemur fram á teikningu. Leiktækin eru niðurgrafið trambolín, klifurkastali og körfuróla en mynd af þeim tækjum eru sýnd á teikningu númer 99 og

myndir hér aftar í þessari umsókn. Gervigrasið er afmarkað með kantstein allan úthringinn til aðgreiningar frá grasi.

Æfingasvæði er grundað á sama hátt og leiksvæði, með gervigrasi eins og þar er lýst. Æfinga/þrek-tækin eru 5 með fjölbreyttum möguleikum fyrir styrktaræfingar.

Dvalarsvæði er hringlaga svæði í miðju útivistarsvæðinu og er hálfur hringurinn hellulagður. Þar er hægt að koma fyrir bekkjum og borði sem samverusvæði sbr.sem teikning sýnir.

Malbikaður stígur. Malbikaður er tengistígur sem tengist núverandi aðalstíg. Þessi tengistígur fer á milli þúttvallar og leik/æfingasvæðis. Stígurinn er grundaður eins og leiksvæði með 60 sm malarpúða, jöfnunarlagi og malbiki, eða eins og hellulögnin og leiksvæðið. Stígurinn er 2.5 metrar á breidd.

Þúttvöllur er um 540 m² að stærð og er merktur sem 9 holu völlur. Uppbygging vallar er 40 sm malarpúði, og ofan á það 20 sm moldarblandað sandlag. Golfvallargras er síðan sett á völlinn.

Sleðabrekka. Reiknað er með að nota hluta uppgraftrar til þess að móta sleðabrekka fyrir yngsta notendahópinn, hæð sem mótar bogadregna brekku sem heldur um svæðið.

Svæðið verður síðan tyrft með garðagrasi og gróðursett á valda staði eins og teikning sýnir. Gróður er blanda af trjám, og runnum sem botnþekja og eru tegundir merktar inná teikningu. Gróðurbeð eru 50 sm djúp og eru fyllt með ræktunarjarðvegi. Skorið er hringlaga radiant 1 meter í þvermál við hvert tré. Moldarlag/Gróðursandur er 15 sm jafnþykkur settur á útjafnað undirlag undir garðagras.


Settar verði upp 3 ljósastaurar á svæðið eins og teikning sýnir. Hæð staura 4.5 metrar. Hefðbundinn grundun.

Svæðið er hæðarsett eins og teikningar sýna. Settir eru inná teikningu hnitapunktur á stíg og miðju hringlaga torgs en allar útsetningar má taka upp af autocad teikningu sem verktaki notar við útsetningar.

Framkvæmdatími

Áætlaður framkvæmdatími er settur upp þannig að grófvinnu verður gerð haustið 2024, sem felst í jarðvegsskiptum á svæðinu, uppúrtekt og fyllingu og grófmótun svæðis um 20 sm undir endanlegri hönnunarhæð. Þannig stæði svæðið fram á útmánuði og verkið gæti síðan hafist með yfirborðsfrágangi í apríl og verið lokið í júní 2025. Ef það dregst að framkvæmdaáætlun sé samþykkt þá væri svæðið unnið í einum áfanga vorið 2025. Við metum það samt þannig, að kostur er að gróffylla í haust og þá er minni hætt á eftirsigi.

Verkið verður unnið af Bygg ehf sem hefur öll tæki til verksins og hefur einnig garðyrkjuteymi sem sér um endanlegan frágang á yfirborði, og niðursetningu tækja.



MYND 1 Yfirlit yfir leik og útivistargarðinn, hreyfiagarðinn.




MYND 2 Leiktæki hreiðurróla



MYND 3 Leiktæki klifur



MYND 4 Niðurgrafið trambolin



MYND 5 Þrektæki



MYND 6

Púttvöllur

Hjálagt uppdrættir Eflu:

Teikning 99, dags 15.10.2024,

Teikning 100, dags 15.10.2024,

1.11.2024 Óveruleg frávik hafa verið gerð á uppdráttum þar sem tekið var undir innsendar athugasemdir og aðkoma stígs að dvalarsvæði gerð hornrétt til að letja hjól og önnur farartæki til að fara þá leið.“

Fyrir hönd Bygg hf.

Pétur Jónsson landslagsarkitekt FILA

